

# Revisited Frames



Endurkynni ramma  
Revisited Frames

Málverk byggð á völdum  
römmum úr kvikmyndum  
Lars von Triers og Friðriks  
Þórs Friðrikssonar

Paintings based on selected  
frames from the films of Lars  
von Trier and Friðrik Þór  
Friðriksson.

Sýningarstjóri/Curated by Ari  
Alexander Ergis Magnússon

## Endurkynni rammanna

Kvikmyndir eru nýtt listform, rétt rúmlega aldargamalt, en hafa náð ótrúlegri útbreiðslu. Kvikmyndaefni af einhverju tagi er búið til og sýnt um allan heim; hvert sem farið er horfir fólk á kvikmyndir og sjónvarp á hverjum degi, sumir í marga klukkutíma á dag. Samhengi þessa nýja miðils og eldri listforma hefur alltaf verið nokkuð óljóst: Er kvikmyndir fyrst og fremst sjónrænn miðill eins og málverk eða bygging þáver adallega á frásögn eins og skáldsaga? Frá upphafi kvikmyndalistarinnar hafa þessi sjónarmið tekist á og einfaldasta svarið er að kvikmyndin rúmar hvorutveggja: Það fer eftir kvikmyndagerðarmanninum og áhorfendum hvort viðhorfið verður ofan á.

Kvikmyndaaleikstjórnir Friðrik Þór Friðriksson og Lars von Trier leggja báðir mikla áherslu á hið myndræna – hið málarska – í verkum sínum þótt vissulega séu þeir líka góðir sögumenn. Í þessari viðleitni synda þeir gegn straumnum. Eftir því sem framleiðsla kvikmyndaefnis eykst og lifandi myndir verða fyrirferðarmeiri í umhverfi okkar – ekki bara í kvikmyndaheimum heldur líka í sjónvarpi, tölvum og jafnvel farsímum okkar – hefur áherslan minnkað á hina sjónrænu upplifun og meira kapp verið lagt á að keyra frásögnina áfram og halda áhorfendum fongnum með því að matreiða fyrir þá kunnuglega sögubræði í nýjum búningi og forðast allt sem gæti krafist nárnari skoðunar eða umhugsunar. Þeir kvikmyndagerðarmenn sem vilja leggja meiri metnað í verk sín reka sig á það að meginþótti áhorfenda kærir sig ekki lengur um að horfa á kvikmyndir sem listmiðil, að staldra við og greina það sem birtast á tjaldinu.

Í kvikmynd sést hver rammi aðeins í brot af sekúndu og það eru 129.600 myndrammar í niutíu mínútna langri kvikmynd. Það liggur því í sjálfu sér að upplifun okkar af kvikmyndinni hlýtur að vera ólík því að skoða málverk þar sem við ræðum því sjálf hve langan tíma við tökum okkur til að skoða myndina og velta henni fyrir okkur. Þó kallast þessi listform á og eru að ýmsu leyti sama eðlis. Í báðum stýrt merking og áhrifamatúr myndarinnar af byggingu, litum og formum, og af innri spennu og lífi myndflatarins. Í báðum getum við spjallað okkur við veruleikann eins og listamaðurinn setur hann fram og túlkað sýn hans útfra þeim myndrænu þáttum sem hann raðar saman. Í báðum getur fær listamaður sett fram átakamíka sögu og miðlað sterkum boðskap til þess sem á horfir.

Sýningin *Revisited Frames / Endurkynni rammanna* kannar samhengi þessara miðla og dregur athygli okkar að því hvornig við, áhorfendur, nálgumst myndir og myndefni þeirra. Friðrik Þór hefur valið myndir eða ramma úr kvikmyndum þeirra félaga sem síðan hafa verið máláðir upp með olíulitum á gríðarstóra strigafléti. Sýningunni er þannig ætlað að raska vana okkar og fá okkur til að hugsa óðrúvisi um þær myndir sem birtast okkur í kvikmyndum, að staldra við og skoða efnið í öðru samhengi og með öðrum augum. Hvað er kvikmynd? Hvað er málverk? Hvað er veruleiki? Hvernig getum við flættað upplifun okkar á þessum mismunandi sviðum saman og samt haldið gagnrýninni fjarlægð á það sem fyrir okkur er borið?

Lars von Trier hefur komið að flestum myndum Friðriks Þórs sem meðframleiðandi og Friðrik Þór kom að framleiðslu myndanna *Breaking the waves* og *Dancer*

in the Dark – þeir hafa alls framleitt um trettuga myndir saman. Kunnast er kannski samvinna þeirra þegar Friðrik Þór lék eitt aðalhlutverkið í kvikmynd *Lars*, Direktøren for det hele, árið 2006. Með þessari sýningu færa þeir samstarf sitt yfir á nýjan vettvang til að miðla áhorfendum sýn sína á nýjan hátt og undirstrika listrænan metnað sinn gagnvart kvikmyndagerðinni. Á sýningunni verður einnig myndbandsverk sem Ari Alexander Ergis Magnússon hefur gert og notað til þess leikara sem komið hafa fram í kvikmyndum Lars von Triers og Friðriks Þórs Friðrikssonar. Þeir eiga það báðir sameiginlegt að mynda sterk tengsl við samstarfsfólk sitt og leikarana sem birtast aftur og aftur í myndunum þeirra, í gervi mismunandi persóna með margra ára millibili. Í myndbandsverki sínu kannar Ari Alexander þetta samhengi með því að láta andlitin hverfast saman og breytast hvert í annað – líða fram í nýju, draumkennnu andrúmslofti sem þó er örjúfanlega tengt persónusköpuninni.

## Texti: Jón Proppé

Lars von Trier fæddist í Kaupmannahöfn árið 1956 og er án efa þekktasti kvikmyndaaleikstjóri Dana nú á tímum. Meðal þekktustu verka hans eru *Forbrydelsens element* (1984), *Epidemic* (1987), *Europa* (1991), *Riget* (1994), *Breaking the Waves* (1996), *Idioterne* (1998), *Dancer in the Dark* (2000), *Gugville* (2003) og nú stístað *Antichrist* (2009) sem vakti mikla athygli á Kvikmyndaáttíðinni í Cannes í vor þar sem aðaltekjona myndarinnar, Charlotte Gainsbourg, hlaut Guldpálmann fyrir leik sinn. *Antichrist* verður frumsýnd hér á landi á Reykjavík International Film Festival meðan á sýningunni í Hafnarhúsinu stendur. Lars von Trier hefur sjálfur unnið Guldpálmann í Cannes, og ótal annarra verðlauna, og verið tilnefndur til Óskarsverðlaunanna í Bandaríkjunum.

Friðrik Þór Friðriksson fæddist í Reykjavík 1954 og vakti fyrst athygli fyrir tilraunakvikmynd sína *Brennu Njálssaga* (1980) og heimildarmyndirnar *Eldsmíðurnin* (1981), *Rökk* í Reykjavík (1982) og *Kúrekar norðursins* (1984). Fyrsta leikna kvikmynd hans var *Skytturarnir* (1987) og síðari myndir hans er með þeim þekktustu sem gerðar hafa verið á Íslandi, m.a. *Blóðdagar* (1994), *Ójafurættan* (1996) og *Englar alheimsins* (2000). Nýjasta heimildarmynd hans, *Sólskinsdregurinn* (2009), hefur líka vakið mikla athygli og verður frumsýnd í enski útgáfu með ródd Kate Winslet leikku í hlutverki sögumanns í myndinni á Kvikmyndaáttíðinni í Toronto meðan á sýningunni í Hafnarhúsinu stendur. Friðrik Þór hefur unnið til fjölda verðlauna og myndir hans verið sýndar á kvikmyndaáttíðum og sjónvarpi um allan heim. Hann er etíal íslenski kvikmyndaaleikstjórinn sem tilnefndur hefur verið til Óskarsverðlaunanna í Bandaríkjunum fyrir kvikmynd í fullri lengd, *Börn náttúrunnar* (1991).

Ari Alexander Ergis Magnússon fæddist í Reykjavík 1968 og hefur leikstýrt á amann tug heimildarmynda, auk tilraunaverka og tveggja leikfagna stuttmynda. Heimildarmynd hans *Gargandi snilli* (2005) um íslenska tónlist – þar sem fram komu m.a. Sigur Rós, Björk, Múm, Hilmár Örn Hilmarsson, Steindór Andersen og Mugison – var sýnd í kvikmyndaheimum og sjónvarpi víða um heim og hlaut fjölda víðurkenninga. Meðan annarra mynda Ara Alexanders má nefna *Erró* (2000), *Mohöguleikar* (um myndlistarmanninn Sigurð Guðmundsson, 2002), *Eg er Arabi um þáttöku* íslendinga í innræstni í Írak, 2003) *Syndir* feðranna (um Breiðavíkurdregninga, 2007) og *Óróið* tónlist: Jórgum Víðar (2008).



## Revisited Frames

Film is a recent art form, just over a century old, but its spread is unprecedented. Moving pictures in one form or another are made and distributed all over the world and wherever we go, people watch movies and television every day, some for hours at a time. The relationship of this new art form to older ones has been poorly understood: Are films primarily a visual medium like paintings or are they at heart narrative like novels? From the beginning of film history these two perspectives have been in contention though the simplest answer would be that film seems to encompass both. Which one may be more prominent depends on the film maker and his audience.

The film directors Friðrik Þór Friðriksson and Lars von Trier both emphasise the visual or painterly aspect of their films though they are also engaging storytellers. In doing so they are swimming against a strong tide. As film production swells and films become ubiquitous – seen not only in cinemas but also on television, computers and even our mobile telephones – less attention is given to the visual potential of the medium in an effort to drive the story forward and keep the audience captive by feeding them familiar narratives in slightly varying contexts, avoiding anything that might require closer attention or thought. Those film makers who wish to make more ambitious work are confronted with an audience that no longer cares to see films as art or take the time to think about what they see on the screen.

Each frame in a film is seen for only a fragment of a second and a ninety minute film has 129 600 frames. It is therefore obvious that our experience of film must be different from how we perceive paintings where we can decide for ourselves how long we take to scrutinise the image. Yet these art forms echo each other and are alike in many ways. In both cases their meaning and impact is to a large degree dependent on visual composition, colours and forms, and on the inner tension of these elements. In both, we can see our own lives reflected in the reality which the artist constructs, whether on screen or on canvas. In both, the artist can tell a powerful story and impart a strong message to the viewer.

The exhibition *Revisited Frames* explores the relationship of the two art forms and draws attention to the ways in which we, the audience, approach images and their content. Friðrik Þór has selected frames from his and von Trier's films which have then been painted in oil on large canvases. The exhibition is intended to shock us out of our habitual frame of mind and get us to look at filmic images in another way, to stop and wonder, examine and question them. What is a film? What is a painting? What is reality? How can we weave together our experiences of these different image and yet keep a critical distance from the images we are offered?

Lars von Trier has coproduced most of Friðrik Þór's films and Friðrik Þór has been involved in the production of von Trier's films *Breaking the Waves* and *Dancer in the Dark* – in all, they have produced about twenty films together. Their best-known cooperative effort is probably when Friðrik Þór played one of the leading roles in von Trier's film *The Boss of it All* in 2006. With this exhibition

they take their cooperation onto a new venue to give their audience a new way into their thinking and to underline the artistic ambition of their films. The exhibition also includes a video by Ari Alexander Ergis Magnússon, using images of the actors that have played in Friðrik Þór's and von Trier's films. Both directors form close ties to their co-workers and the actors who often appear again and again in different films, portraying different characters over the years. Ari Alexander's video explores this relationship by letting the faces blend into each other and flow forth in a dream-like atmosphere.

### Text: Jón Proppé

Lars von Trier was born in Copenhagen in 1956 and is without a doubt Denmark's best known contemporary director. Among his films are *The Element of Crime* (1984), *Epidemic* (1987), *Europa* (1991), *The Kingdom* (1994), *Breaking the Waves* (1996), *The Idiots* (1998), *Dancer in the Dark* (2000), *Dogville* (2003) and, most recently *Antichrist* (2009) which attracted attention at the Cannes Film Festival where the leading actress, Charlotte Gainsbourg, won the Golden Palm for her part in the film. *Antichrist* will have its Iceland premier in the Reykjavik International Film Festival while the exhibition is running. Lars von Trier has himself won the Golden Palm, along with numerous other awards, and been nominated for the Oscars in the United States.

Friðrik Þór Friðriksson was born in Reykjavik in 1954 and first attracted attention for his experimental films and documentaries, including *The Saga of Burnt Njal* (1980), *The Blacksmith* (1981), *Rock in Reykjavik* (1982) and *Icelandic Cowboys* (1984). His first feature film was *White Whales* (1987) and his later films are among the best-known cinematic work produced in Iceland, among them *Movie Days* (1994), *Devil's Island* (1996) and *Angels of the Universe* (2000). His most recent documentary is *The Sunshine Boy* (2009) which will be premiered in an English version, narrated by the actress Kate Winslet, at the Toronto Film Festival this autumn. Friðrik Þór has won numerous awards and his films have appeared in festivals and on television around the world. He is the only Icelandic film director to have been nominated for an Oscar in the United States for his feature film *Children of Nature* (1991).

Ari Alexander Ergis Magnússon was born in Reykjavik in 1968 and has directed more than a dozen documentaries as well as two short fiction films. His documentary *Screaming Masterpiece* (2005) about the Icelandic music scene – featuring among others Sigur Rós, Björk, Múm, Hilmar Örn Hilmarsson, Steindór Andersen and Mugison – was shown in cinemas and on television around the world and received several awards. His other films include *Erró* (2000), *Pósti-þí-íllitties* (about the artist Sigurður Guðmundsson, 2002), *I am an Arab* (about the Icelandic government's support for the U.S.-led invasion of Iraq, 2003), *Sins of the Fathers* (2007) and *The Word Music: Jórunn Viðar* (2008).



#### Dagskrá

Sunnudag 6. september kl. 15

Listamannspjall: Ari Alexander Ergis Magnússon og Friðrik Þór Friðriksson.

Föstudag 25. september kl. 12:30

Sýningastjórnarspjall (á ensku): Ari Alexander Ergis Magnússon.

#### Programme

Sunday 6 September at 3 p.m.

Artists' Talk: Ari Alexander Ergis Magnússon and Friðrik Þór Friðriksson.

Friday 25 September at 12:30 p.m.

Curator's Talk (in English): Ari Alexander Ergis Magnússon.

#### Opið Opening hours

Hafnarhús Tryggvagata 17, daglega/daily 10-17

Fimmtudaga til/Thursdays to 22

Kjarvalsstaðir Flókagata, daglega/daily 10-17

Ásmundarsafn Ásmundur Sveinsson

Sculpture Museum, Sigtún

1.5.-30.9. daglega/daily 10-16

1.10.-30.4. daglega/daily 13-16

Hafnarhúsið er opið til kl. 22:00 öll fimmtudagskvöld.

Fjölbreytt dagskrá.

All Thursdays Hafnarhús is open until 10 p.m.

Diverse events.

#### Ókeypis aðgangur

Free admission

Hægt er að panta leiðsögn fyrir almenna hópa. Einnig er hægt að fá leiðsögn á erlendum tungumálum og táknmálstúlkun með nokkurra daga fyrirvara.

Guided tours for various groups in different languages are available upon requests. Please allow a few days notice.

Upplýsingar / Info: [fraedsludeild@reykjavik.is](mailto:fraedsludeild@reykjavik.is)

